



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. maí 2020
Tilvísun: 2020051652/BFR

Efni: Viðbótarumsögn um frumvarp til laga um menntasjóð námsmanna

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 18. maí 2020 um viðbótarumsögn um frumvarp til laga um menntasjóð íslenskra námsmanna (þskj. 373, 329. mál á 150. löggjafarþingi) en Persónuvernd veitti umsögn um frumvarpið þann 11. desember 2019 (mál nr. 2019112121 hjá stofnuninni).

Í beiðni allsherjar- og menntamálanefndar er nú sérstaklega óskað eftir afstöðu Persónuverndar til 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins, sem ríkisskattstjóri hefur gert athugasemdir við í umsögn sinni um málið. Óskar nefndin eftir nánari skýringum Persónuverndar og, ef við á, tillögu stofnunarinnar að nýju orðalagi ákvæðisins svo skýrt sé að sú upplýsingaöflun sem þar er fjallað um samrýmist lögum um persónuvernd.

Lagt er til í ákvæðinu að ríkisskattstjóra verði skylt að láta Menntasjóði íslenskra námsmanna eða innheimtuaðila námslána í té upplýsingar um lánþega sem nauðsynlegar eru við framkvæmd frumvarpsins, þar á meðal upplýsingar um tekjur lánþega og tekjur maka og foreldra þegar við á.

Í umsögn ríkisskattstjóra segir að óheppilegt verði að teljast að sett sé í sjálfðæmi Menntasjóðs íslenskra námsmanna eða innheimtuaðila að ákveða án takmarkana hvaða upplýsingar teljist nauðsynlegar við framkvæmd laganna og að æskilegra hefði verið að upplýsingaöflun hefði verið afmörkuð nánar, s.s. með vísan til viðeigandi ákvæða frumvarpsins.

1.

Persónuvernd bendir á að í 3. málsli. 4. mgr. 12. gr. frumvarpsins segir að við meðferð persónuupplýsinga sem aflað er vegna framkvæmdar frumvarpsins skuli Menntasjóður íslenskra



námsmanna gæta þess að uppfyllt séu skilyrði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. nú lög nr. 90/2018 um efnið, og reglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra.

Af 6. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga leiðir að ríkisskattstjóri telst ábyrgðaraðili að miðlun upplýsinga um einstaklinga á grundvelli 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins en Menntasjóður íslenskra námsmanna eða innheimtuaðilar teljast ábyrgðaraðilar að þeirri vinnslu sem felst í öflun umræddra persónuupplýsinga.

Vinnsla persónuupplýsinga er háð því að fyrir henni sé heimild, sbr. 9. gr. laga nr. 90/2018. Telur Persónuvernd að 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins leggi lagaskyldu á herðar ríkisskattstjóra að vinna persónuupplýsingar, verði frumvarpið óbreytt að lögum, en vinnsla persónuupplýsinga getur talist heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018.

Að mati Persónuverndar verður ekki séð að til álita geti komið að upplýsingaöflun menntasjóðsins eða innheimtuaðila, í þágu framkvæmdar frumvarpsins, geti farið fram á grundvelli samþykkis skráðra einstaklinga, sbr. 1. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018, en telja verður að aðrar vinnsluheimildir geti komið til greina vegna þeirrar vinnslu. Persónuvernd bendir þó á að vinnsluheimildir samkvæmt 2.-6. tölul. 9. gr. laganna eru allar háðar því að vinnsla persónuupplýsinga sé nauðsynleg í þágu þess sem tilgreint er í ákvæðunum.

Við vinnslu persónuupplýsinga ber ábyrgðaraðilum jafnframt að gæta að meginreglum laga 90/2018 sem lögfestar eru í 1. mgr. 8. gr. þeirra. Þær lúta meðal annars að því að persónuupplýsingar séu fengnar í skýrt tilgreindum, lögmætum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.) og að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

Af framangreindu er ljóst að vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Menntasjóðs íslenskra námsmanna eða innheimtuaðila, sem fram fer á grundvelli 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins, er ávallt háð því að hún fari fram í tengslum við þann tilgang þeirrar vinnslu sem ákvarðaður er í öðrum ákvæðum frumvarpsins. Verður því ekki séð að í ákvæðinu felist takmarkalaus heimild umræddra aðila til að afla persónuupplýsinga frá ríkisskattstjóra enda er sú vinnsla ávallt háð því að hún fari fram á grundvelli vinnsluheimildar sem kveður á um nauðsyn, sbr. 9. gr. laga nr. 90/2018, og að hún samræmist fyrrgreindum meginreglum 1. mgr. 8. gr. sömu laga, sem lúta meðal annars að meðalhófi við upplýsingaöflun.

Þá geymir 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins að mati Persónuverndar óverulega efnislega breytingu frá gildandi rétti, sbr. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 21/1992, sem kveður á um að ríkisskattstjóra sé skylt að láta Lánasjóði íslenskra námsmanna í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laganna. Í því sambandi bendir Persónuvernd jafnframt á að í framkvæmd sinni hefur stofnunin talið Lánasjóð íslenskra námsmanna hafa haft heimild til nauðsynlegrar vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal öflunar þeirra frá ríkisskattstjóra, vegna námslána á grundvelli 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. þágildandi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sem er samhljóða núgildandi ákvæði 3. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018, þegar lítið er til meðal annars ákvæða núgildandi laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna.¹

¹ Sjá nánar úrskurði Persónuverndar í málum nr. 2018/639 og nr. 2015/1619 (LÍN talið heimilt að afla upplýsinga frá ríkisskattstjóra um tekjur maka einstaklinga).



Að þessu gættu telur Persónuvernd 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins samrýmast lögum nr. 90/2018 og að ekki sé þörf á að taka ákvæðið til endurskoðunar með hliðsjón af lögunum, en áhersla er lögð á að ákvæðinu þarf að beita til samræmis við lög nr. 90/2018.

F.h. Persónuverndar,


Helga Sigríður Þórhallsdóttir


Bjarni Freyr Runarsson